REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum með flotvörpu út af Héraðsflóa.

1. gr.

Frá og með 19. nóvember 2005 til 1. febrúar 2006 eru allar veiðar með síldarflotvörpu bannaðar milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 00′00 N – 13° 58′30 V
2. 66° 00′00 N – 12° 00′00 V
3. 65° 40′00 N – 12° 00′00 V
4. 65° 40′00 N – 13° 17′00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. nóvember 2005.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Guðný Steina Pétursdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. nóvember 2005